

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1051/2020, takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Nýr málslíður bætist við 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, svohljóðandi: Grímuskylda skv. 1. mgr. 4. gr. á ekki við um börn sem fædd eru 2011 og síðar.

2. gr.

Á undan orðunum "og spilasölum" í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: spilakössum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 1. nóvember 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.